

# FRAMKVÆMDAÁÆTLUN LAGABREYTINGANEFNDAR STÚDENTARÁÐS STARFSÁRIÐ 2024-2025

Reykjavík, 6. nóvember 2024

## 1 ENDURSKOÐUN LAGARÁÐS Á LÖGUM SHÍ

Meginverkefni starfsársins felst í stöðu allra nefndarmanna lagabreytinganefndar innan lagaráðs SHÍ þar sem að lög SHÍ eru endurskoðuð samhliða því að samin eru drög að samþykktum SHÍ sem eiga að koma í staðinn fyrir áður nefnd lög SHÍ. Þó svo að hlutverk lagabreytinganefndar feli ekki í sér vald til þess að breyta lögum sjálfum er hlutverk nefndarinnar sem ráðgjafa þó mjög mikilvægt auk þess sem nefndin getur og hefur lagt fram ýmsar tillögur að breytingum. Markmið endurskoðunarinnar er að gera lög einfaldari, skiljanlegri og aðgengilegri ásamt því að takmarka hlutverk verklagsreglna gagnvart mikilvægum störfum SHÍ. Endurskoðunin fer fram í áföngum og er þessi endurskoðun unnin í samvinnu við forseta SHÍ, varaforseta SHÍ og báðar fylkingar stúdentaráðsliða. Áætlað er að verkefni lagaráðs munu standa yfir starfsárið 2024-25 í heild sinni en stefnt er að því að klára endurskoðunina fyrir síðasta fund SHÍ á umræddu starfsári.

## 2 RÁÐGJÖF TIL STÚDENTARÁÐS

Eitt af meginhlutverkum lagabreytinganefndar frá stofnun nefndarinnar hefur verið að veita umsagnir við lagabreytingartillögum og mun nefndin halda áfram að sinna því hlutverki af kostgæfni. Eðli málsins samkvæmt verður þetta hlutverk þó takmarkaðri á starfsárinu vegna þeirrar endurskoðunar sem fer fram á vettvangi Lagaráðsins.

## 3 SKIPUN NEFNDARINNAR

Nefndina skipa: Jens Ingi Andrússon (forseti), Gísli Laufeyjarson Höskuldsson, Helga Björg Óladóttir og Kjartan Leifur Sigurðsson.

Jens Ingi Andrússon

Jens Ingi Andrússon, forseti lagabreytinganefndar